



Fundargerð menningarmálanefndar 15. febrúar 2017

Menningarmálanefndarfundur 15.2.17

Fundur var haldin í Miklagarði, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen Creed og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Spilakvöld í Miklagarði

Rætt og ákveðið að hafa tvö spilakvöld í Miklagarði í mars. Þau yrðu í svipuðu formi og áður, bæði spiluð félagsvist og borðspil. Ákveðið að hafa þetta 9. og 23. mars kl 19:30. Menningarmálafulltrúa falið að bóka húsið og auglýsa.

2. Mál: Tónleikar Svavar Knúts

Svavar Knútur og Aðalsteinn Ásberg verða á Vopnafirði miðvikudaginn 22 febrúar. Þeir eru komnir til að heimsækja grunnskólann og óska eftir að halda tónleika um kvöldið. Einnig ætla þeir að heimsækja Sundabúð og skemmta heimilisfólki þar. Óska þeir eftir að Vopnafjarðarhreppur bjóði þeim Miklagarð ásamt því að auglýsa viðburðin. Laun þeirra yrðu aðgangseyririnn. Rætt og samþykkt.

3. Mál: Styrktarumsóknir.

Styrkumsókn Designs from Nowhere: Karna Sigurðadóttir

Menningarmálanefnd styður verkefnið heilshugar en vegna þess hversu umfangsmikið verkefnið er og snertir allt sveitarfélagið til lengri tíma telur nefndin hvorki ákvörðun um framkvæmd þess né heldur fjármögnun þess liggja eingöngu hjá Menningarmálanefnd.

Því vísar nefndin umsókninni til umræðu hjá sveitarstjórn, m.a. annars varðandi leyfi til framkvæmda, fjármögnunar og fleira.

Styrkumsókn Heiðarbýli: Hjördís Hilmarsdóttir

Menningarmálanefnd styður verkefnið og samþykkir að veita styrk upp á 100þ.kr. í þann hluta styrkumsóknarinnar sem merktur er "Páll og heiðarbýlin". Menningarmálanefnd vísar hinum hluta styrkumsóknarinnar "skilti og vegvísar" áfram til Ferðamálafulltrúa.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 19:00